

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 170/2018****2021/EES/13/48****frá 6. júlí 2018****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/864 frá 17. maí 2017 um Evrópuár menningararfsins (2018) ⁽¹⁾.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2018.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

1. Í 5. mgr. er orðunum „í áætluninni sem um getur í fimmtánda undirliði frá 1. janúar 2018“ bætt við á eftir orðunum „í áætluninni sem um getur í fjórtánda undirliði frá 1. janúar 2014“.
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 8. mgr.:

„– **32017 D 0864:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/864/ESB frá 17. maí 2017 um Evrópuár menningararfsins (2018) (Stjtið. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2018.

*3. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 131, 20.5.2017, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.